

Reykjavík 28.08.2025

Skipulagsstofnun - Umsögn um umhverfismatsáætlun

Umsögn Fuglaverndar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum í Dalasýslu.

Fuglavernd hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu og tilheyrandi fylgigögn vegna fyrirhugaðs vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum skv. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er umsögn þessi veitt í samræmi við umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar.

Skýrslan er gríðarlega umfangsmikil. Í henni er komið inn á margar hliðar sem tengjast uppbyggingu þessara risavöxnu mannvirkja. Í meðfylgjandi umsögn verður á hinn bóginn einvörðungu fjallað um þau atriði sem snerta sérsvið Fuglaverndar, áhrif á fuglalífið.

Fuglavernd áréttar, líkt og gert hefur verið í fyrri umsögnum um áþekkar framkvæmdir, að ekki liggur fyrir heildstæð stefna eða áætlun af hálfu íslenska ríkisins um uppbyggingu eða staðsetningu vindorkuvera í landinu. Slíkur skortur á heildarskipulagi eykur hættu á að einstakar framkvæmdir valdi óafturkræfu tjóni á náttúruverðmætum, lífríki og lífsgæðum íbúa. Að mati Fuglaverndar er því ótímabært að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir af þessu tagi án þess að fyrir liggi heildarsýn og stefnumörkun um framkvæmdir sem þessar.

Framkvæmdin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vinnubúðir, mótuneyti og efnistaka eru starfsleyfisskyld starfsemi. Það getur einnig átt við um flutning, geymslu og meðhöndlun olíu. Við efnistöku skal fylgja reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og við meðhöndlun eldsneytis reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Almennt má segja að með sívaxandi stórframkvæmdum af ýmsu tagi í dreifbýli landsins er sífellt gengið á búsvæði fugla. Þar má til dæmis nefna gríðarlegar fyrirætlanir um uppbyggingu 40-50 vindorkugarða um land allt, þar sem gætu risið allt að 1000 – 1500 vindorkuver. Einnig hafa nú þegar gríðarlega víðfeðm svæði mólendis verið tekin undir ræktun iðnaðarskóga. Fyrirætlanir eru um að margfalda umfang þeirra framkvæmda. Þannig er sífellt gengið á búsetusvæði fugla undir merkjum umhverfisverndar og orkuskipta.

Áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar vindorkuvera á Vesturlandi á fuglalíf, og þá sérstaklega á varp- og fæðusvæði hafarnar, eru mikið áhyggjuefni. Haförn er í útrýmingarhættu hér á landi og jafnvel eitt tilfelli þar sem spaðar vindorkuvera drepur örn, getur haft marktæk áhrif á stofninn til langs tíma. Það ætti að vera öllum ljóst, sem vilja vita, að helsta búsvæði hafarna á Íslandi er fyrir botni Breiðafjarðar.

Gangi áætlanir eftir um uppbyggingu tuga risavaxinna vindorkuvera í Garpsdal í Reykhólahreppi, Hróðnýjarstöðum og Sólheimum í Dalasýslu, á Múla og Grjóthálsi í Borgarbyggð, þá yrði í stórum dráttum girt fyrir margar helstu flugleiðir hafarna út frá innsveitum Breiðafjarðar til annarra héraða.

Vegna þess mikla árangurs, sem náðst hefur á liðnum áratugum, við að bjarga íslenska arnarstofninum frá útrýmingu og byggja hann upp á nýjan leik, þá hafa ernir í vaxandi mæli farið að leita út frá Breiðafjarðarsvæðinu. Fyrir liggur í fyrrgreindri umhverfismatsskýrslu að líkur á árekstrum fugla við spaða eru ekki nægjanlega metnar og að slíkar líkur, jafnvel þó þær væru litlar, gætu haft veruleg áhrif á smáa og viðkvæma stofna.

Mikilvægt er því í þessu sambandi að leggja mat á heildaráhrif fyrirhugaðra vindorkuveragarða á Vesturlandi á fuglalíf og þá sérstaklega hafarna, í stað þess að afmarka slíkt mat einvörðungu við áhrif hvers og eins án þess að tekið sé tillit til heildaráhrifa fyrirhugaðra framkvæmda.

Veikburða fyrirætlanir og fullyrðingar um að hægt sé að forða því að vindorkuver drepri fugla, með uppsetningu myndavéla eða ljósabúnaðar, geta á engan hátt tryggt að það muni ekki eiga sér stað. Hvað á að gera, ef í ljós kemur eftir að vindorkuver á fyrrgreindum stöðum hafa verið gangsett, að sá búnaður sem átti að tryggja að vindorkuverin myndu ekki drepa haferni, virkar ekki sem skyldi?

Skemmst er að minnast hvernig hafernir hafa verið strádrepnir af vindorkuverum á eyjunni Smøla í Noregi, þrátt fyrir fullyrðingar um að slíkt myndi ekki gerast í neinum þeim mæli sem máli skipti.

Því leggur Fuglavernd áherslu á að undirbúningur fyrir uppbyggingu vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum í Dalasýslu, ásamt hliðstæðum undirbúningi á þeim stöðum sem taldir eru upp hér að framan, verði stöðvaður þar til fyrir liggur fyrir heildstæð stefna eða áætlun af hálfu íslenska ríkisins um staðsetningu vindorkuvera í landinu. Í þeirri stefnu verði meðal annars nauðsynlegt að banna uppbyggingu vindorkuvera í tilteknum landshlutum til að taka af öll tvímæli.

F.h. stjórnar Fuglaverndar,

Menja von Schmalensee, formaður Fuglaverndar

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fuglaverndar